
Pólskunám í FAS

Á vorönn býður Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu upp á pólskunám fyrir pólskumælandi nemendum. Boðið verður upp á tvo áfanga.

Pólskugrunnur 1 fyrir pólskumælandi nemendum

Áfangaheiti: PÓLS1ML05

Í áfanganum er lögð áhersla á talað mál, málnotkun daglegs lífs, lestur og einfalda málfræði. Gert er ráð fyrir að nemendur séu pólskumælandi og hafi grunnþekkingu á málinu. Námið fer fram að mestu á netinu. Einu sinni í viku hittast nemendur og kennari á netfundi.

Áfanginn er 5 einingar á 1. þrepi

Gert er ráð fyrir 105 klst. vinnu nemenda

Kennari: Sylwia Katarzyna Jurczuk

Pólska 1 – Bókmenntir, kvikmyndir og menning í pólsku samfélagi

Áfangaheiti: PÓLS2NM05

Í áfanganum verður unnið með flóknari texta í ræðu og riti. Lesnir verða fjölbreyttir textar og rýnt í pólskar bíómyndir. Nemendur læra helstu hugtök bókmenntafræði og æfast í að beita þeim. Einnig verður lögð áhersla á munnlega tjáningu. Námsfni áfangans er valið námsfni frá pólskum framhaldsskólum. Nemendur fá leiðbeiningar við ritun texta og við notkun heimilda. Gert er ráð fyrir að nemendur búi yfir hæfni í pólsku sem svarar hæfni í móðurmáli við lok grunnskóla. Námið fer fram að mestu á netinu. Einu sinni í viku hittast nemendur og kennari á netfundi.

Áfanginn er 5 einingar á 2. þrepi

Gert er ráð fyrir 105 klst. vinnu nemenda

Kennari: Sylwia Katarzyna Jurczuk